

Maí

2015



R3-Ráðgjöf ehf.

Sigurður P. Sigmundsson
Hagfræðingur
M.S. í hagfræði

Lokaskýrsla

Úttekt

á rekstri leikskóla og grunnskóla í

Hvalfjarðarsveit

Efnisyfirlit

| | |
|---|-----------|
| Inngangur | 3 |
| Samantekt | 4 |
| 1. Rekstur leik - og grunnskóla | 6 |
| 1.1 Stjórnun..... | 6 |
| 1.2 Yfirlit rekstrar | 6 |
| 1.3. Rekstur Skýjaborgar | 7 |
| 1.4 Rekstur Heiðarskóla | 8 |
| 1.5 Sameiginlegur rekstur | 10 |
| 1.6 Rekstur mötuneytis Heiðarskóla | 10 |
| 1.7 Rekstur Íþróttamiðstöðvar | 11 |
| 2. Leikskóli – lýsing á starfsemi | 12 |
| Almennt..... | 12 |
| Mötuneyti | 12 |
| Stöðugildi og fjöldi barna | 13 |
| Leikskólagjald | 14 |
| 3. Grunnskóli – lýsing á starfsemi | 15 |
| Almennar upplýsingar | 15 |
| Stöðugildi kennara | 15 |
| Stöðugildi almennra starfsmanna..... | 17 |
| Kennslumagn..... | 18 |
| Samkennsla | 19 |
| Valgreinar..... | 20 |
| Skiptitímar..... | 21 |
| Sérkennsla..... | 22 |
| Viðbótarkennsla | 22 |
| 4. Samanburður við aðra skóla | 23 |
| 5. Hefur sameiningin skilað sér? | 26 |
| 6. Niðurstöður og tillögur | 28 |

Inngangur

Með samningi, dags. 27. febrúar 2015 fól Hvalfjarðarsveit R3-Ráðgjöf ehf. að vinna fjárhagslega úttekt á leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar sem er um 130 barna skóli starfræktur á tveimur stöðum í sveitarfélaginu. Um er að ræða 90 barna heildstæðan grunnskóla, Heiðarskóla, og 40 barna leikskóla, Skýjaborg.

Samkvæmt lýsingu verksins hefur rekstrarleg hagkvæmni skólans verið könnuð þar sem bæði leikskólahlutinn og grunnskólahlutinn voru skoðaðir með aðskildum hætti og sameiginlega. Auk þess hefur verið lagt mat á árangur stjórnunarlegrar sameiningar skólanna sem kom til framkvæmda árið 2011.

Í grunnskólahlutanum hefur verið lagt mat á umfang starfseminnar sem byggir á fjölda nemenda, samsetningu árganga, kennslumagni, fjölda kennara/leiðbeinenda, fjölda annarra starfsmanna, yfirvinnu eftir atvikum, stjórnskipulagi og öðrum tengdum þáttum. Í leikskólahluta hefur jafnframt verið lagt mat á umfang starfseminnar á grundvelli fjölda leikskólabarna, deildafjölda, fjölda starfsmanna, stjórnskipulags og annarra tengdra þátta. Á grundvelli framangreindra þátta var rekstrarleg hagkvæmni metin.

Við upphaf verksins, þann 4. mars, átti undirritaður fund með sveitarstjóra Hvalfjarðarsveitar, fjármálastjóra og aðalbókara. Þá var einnig fundað með skólastjóra Heiðarskóla. Þann 17. mars var fundað með sviðstjórum grunnskóla og leikskóla og húsæði skólanna skoðað. Auk gagna og upplýsinga frá starfsfólki Hvalfjarðarsveitar var leitað víða fanga um gögn og upplýsingar. Ber þar helst að nefna gögn úr árbókum sveitarfélaganna og fundi með sérfræðingum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Reykjavík

11. maí 2015

Sigurður P. Sigmundsson
rekstrarráðgjafi hjá R3- Ráðgjöf ehf.

Samantekt

Ekki verður annað séð en að faglegt starf í leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar sé í heildina með ágætum þó svo ýmislegt megi til betri vegar færa. Metnaður til að gera vel er greinilega til staðar. Hins vegar ef borið er saman við skólastarf í sveitarfélögum af svipaðri stærð kemur í ljós að kostnaður við skólastarfið í Hvalfjarðarsveit, og þá sérstaklega rekstur grunnskólans, er hár. Hvað leikskólann varðar er aðalástæðan sú að börn eru tekin inn í skólann frá 12 mánaða aldri sem er ekki algengt í öðrum sveitarfélögum. Þá er leikskólagjaldið mjög lágt eða um 14 þ.kr. á mánuði en er víðast hvar annars staðar um 36 þ.kr. sé miðað við fullt gjald án afsláttar. Í grunnskólanum hefur verið farin sú leið að nýta fyrirkomulag með skiptitímum til hins ítrasta og bjóða jafnframt upp á fjölbreyttar valgreinar. Þá fá yngri bekkirnir jafn marga kennslutíma og þeir elstu þ.e. töluverða viðbótarkennslu. Þetta kostar sitt þar sem kennarar sinna að svo til alfarið þessari viðbótarkennslu.

Í samanburði við önnur sveitarfélög má sjá að fjöldi kennara og almennra starfsmanna í Heiðarskóla er með því mesta sem þekkist í sambærilegum skólum. Þannig var fjöldi nemenda á hvert stöðugildi kennara einungis 5,3 í Heiðarskóla árið 2013 en meðaltalið var 7,0 hjá þeim 18 grunnskólum sem teknir voru til samanburðar og voru með fjölda nemenda á bilinu 51-100. Sé fjöldi nemenda á öll stöðugildi reiknuð þ.e. kennara og almennra starfsmanna er Heiðarskóli með lágsta hlutfallið í þessum samanburði eða 3,2 nemendur á hvert stöðugildi. Þetta endurspeglar að nokkru leyti fyrrgreint fyrirkomulag í kennslu þ.e. að verið er að bjóða upp á þjónustu umfram skólaskylduna.

Fjöldi almennra starfsmanna í Heiðarskóla hefur að jafnaði verið um 10 sem verður að teljast nokkuð vel í lagt. Flestir eru skólaliðar sem koma að gæslu, þrifum, aðstoð við nemendur og sinna öðrum tilfallandi verkefnum. Rekstrarstjórn og eftirlit með útgjöldum má bæta en kostnaður í einstökum gjaldaliðum hefur farið nokkuð fram úr fjárhagsáætlun.

Eftirfarandi er samantekt á tillögum, sjá nánar í kafla 6:

- **Lagt er til að leikskólagjaldið verði hækkað um 50% frá því sem nú er.**
- **Lagt er til að inntaka barna á leikskólann verði miðuð við 18 mánaða aldur.**
- **Lagt er til að notkun á skiptitímum og framboð á valgreinum verði endurskoðað.**
- **Lagt er til að innihald og fyrirkomulag viðbótarkennslu verði endurskoðað.**
- **Lagt er til að fyrirkomulag sérkennslu verði endurskoðað með það að markmiði að almennir kennarar sjái um sérkennsluna í auknum mæli.**
- **Lagt er til að gerð verði könnun á því hvaða árangri núverandi kennslufyrirkomulag hefur skilað.**

- Lagt er til að könnuð verði hagkvæmni þess að sameina rekstur mótuneytanna í Heiðarskóla og Skýjaborg.
- Lagt er til að ræstingin verði mæld upp í Heiðarskóla og kannaðir möguleikar á að bjóða hana út.
- Lagt er til að störf almennra starfsmanna verði endurskipulögð með það í huga að fækka um 1-2 stöðugildi.
- Lagt er til að hætt verði alfarið að greiða fyrir yfirvinnu kennara og almennra starfsmanna.
- Lagt er til að fyrirkomulag á innkaupum á rekstrarvörum verði komið í fastar skorður.
- Lagt er til að dregið verði úr opnunartíma sundlaugarinnar í Heiðarskóla.
- Lagt er til að bókhaldslykill 04020 verði leystur upp og kostnaðurinn færður á leikskólann og grunnskólann samkvæmt kostnaðarhlutdeild.

1. Rekstur leik- og grunnskóla

1.1 Stjórnun

Grunnskólinn Heiðarskóli og leikskólinn Skýjaborg voru formlega sameinaðir 1. ágúst 2011 og lauk því fjórða starfsárinu í sameinuðum skóla vorið 2015. Yfir skólanum er skólastjóri sem hefur viðveru á hvorum stað, þrjá daga í grunnskólanum og tvo daga í leikskólanum. Hann hefur ekki kennsluskyldu. Núverandi skólastjóri, Jón Rúnar Hilmarsson, kom til starfa haustið 2012. Hann er með M.Ed. í stjórnun menntastofnana og hefur réttindi til stjórnunar bæði á leikskóla- og grunnskólastigi. Hvor eining hefur sviðsstjóra. Sigríður Lára Guðmundsdóttir er sviðsstjóri í grunnskólanum. Stjórnunarhlutverk hennar í grunnskólanum er metið 50% og er hún því með 50% kennsluskyldu. Þórdís Þórisdóttir er sviðsstjóri í leikskólanum og er stjórnunarþátturinn í starfi hennar festur við 50%.

Í skólanámskrá leik- og grunnskólans og starfslýsingum er að finna verkaskiptingu stjórnenda. Þeir hafa vikulega fundi í upphafi hverrar viku. Mikil vinna hefur verið lögð í það frá sameiningu skólanna að koma á núverandi stjórnunarfyrirkomulagi. Í skólanum fer fram sjálfsmat, unnið eftir gæðagreinum. Á hverju vori er gefin út sjálfsmatsskýrsla og jafnframt fara þá fram formleg starfsmannasamtöl.

1.2 Yfirlit rekstrar

Í töflu 1 má sjá yfirlit rekstrar leik- og grunnskólans fyrir árin 2013 og 2014 svo og samanburð við fjárhagsáætlun hvors árs. Hlutfall þessa málaflokks af skatttekjum sveitarfélagsins (útsvar, fasteignaskattur, framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og lóðarleiga) var **59%** (333.229/564.999) árið 2013 og **61,8%** (374.083/605.615) árið 2014. Hlutfallið árið 2012 var nokkru lægra eða 54,7%. Ef rekstur leikskólans er tekinn út úr þessum samanburði verður hlutfall reksturs grunnskólans að meðtöldum rekstri íþróttamiðstöðvarinnar af skatttekjum 48,4% árið 2013 og 50,7% árið 2014. Sé rekstur íþróttamiðstöðvarinnar tekinn út verða hlutföllin **45,8%** árið 2013 og **47,7%** árið 2014 með innri leigu. Án innri leigu, sem er mjög há í Heiðarskóla enda um nýjan skóla að ræða, verða hlutföllin **33,0%** árið 2013 og **35,8%** árið 2014.

Samkvæmt upplýsingum úr Skólaskýrslu 2014, sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur tekið saman, vörðu sveitarfélög að meðaltali 32% skatttekna sinna árið 2013 í rekstur grunnskóla og er þá innri leiga meðtalin. Dreifingin var á bilinu 25-53%. Sé hins vegar innri leigan ekki tekin með var hlutfallið 25% að meðaltali og dreifingin 21-44%. Sjá nánar um samanburð við önnur sveitarfélög í kafla 4.

Sé nánar rýnt í töflu 1 má sjá að útgjöldin fóru 9.622 þ.kr. (2,9%) umfram fjárhagsáætlun árið 2013 og 30.777 þ.kr. (9%) umfram fjárhagsáætlun árið 2014. Útgjöld milli ára hækkuðu úr 333.229 þ.kr. í 374.083 þ.kr. eða um 40.854 þ.kr. (12,3%). Það er töluvert meiri hækkun en almenn þróun verðlags og launa milli áranna. Meginhluti skýringarinnar er hækkun launakostnaðar en kjarasamningsbundin laun grunnskólakennara hækkuðu að meðaltali um 11,3% á árinu 2014, en gert var ráð fyrir 4% hækkun í

fjárhagsáætlun 2014. Þá bættist við hálfst stöðugildi kennara í Heiðarskóla sem ekki var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun.

| Tafla 1: Rekstur leik – og grunnskóla 2013 – 2014 (þús.kr.) | | | | | | |
|--|----------------|-------------------|--------------|----------------|-------------------|---------------|
| Úr bókhaldi Hvalfjarðarsveitar | 2013 | áætl. 2013 | mism. | 2014 | áætl. 2014 | mism. |
| 04012 Leikskóli | 59.562 | 58.370 | 1.192 | 67.306 | 60.288 | 7.018 |
| Tekjur | -13.839 | -11.720 | -2.119 | -12.795 | -11.794 | -1.001 |
| Launakostnaður | 52.549 | 51.653 | 896 | 61.166 | 54.377 | 6.789 |
| Önnur gjöld | 20.852 | 18.437 | 2.415 | 18.935 | 17.705 | 1.230 |
| 04020 Sameiginl.kostn | 17.821 | 17.036 | 785 | 21.932 | 18.941 | 2.991 |
| Tekjur | -1.104 | 0 | -1.104 | -480 | 0 | -480 |
| Launakostnaður | 10.773 | 11.543 | -770 | 11.926 | 10.685 | 1.241 |
| Önnur gjöld | 8.152 | 5.493 | 2.659 | 10.486 | 8.256 | 2.230 |
| 04022 Grunnskóli | 228.269 | 222.115 | 6.154 | 252.778 | 236.166 | 16.612 |
| Tekjur | -3.988 | -1.461 | -2.527 | -4.718 | -1.400 | -3.318 |
| Launakostnaður | 112.976 | 108.948 | 4.028 | 137.640 | 125.059 | 12.581 |
| Önnur gjöld | 119.281 | 114.628 | 4.653 | 119.856 | 112.507 | 7.349 |
| 04027 Mötuneyti | 12.790 | 11.161 | 1.629 | 14.241 | 12.549 | 1.692 |
| Tekjur | -5.549 | -5.480 | -69 | -6.167 | -5.812 | -355 |
| Launakostnaður | 9.257 | 8.587 | 670 | 9.984 | 9.619 | 365 |
| Önnur gjöld | 9.082 | 8.054 | 1.028 | 10.424 | 8.742 | 1.682 |
| 04030 Íþróttamiðstöð | 14.787 | 14.925 | -138 | 17.826 | 15.362 | 2.464 |
| Tekjur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Launakostnaður | 2.031 | 2.243 | -212 | 5.405 | 2.497 | 2.908 |
| Önnur gjöld | 12.756 | 12.682 | 74 | 12.421 | 12.865 | -444 |
| Rekstrarniðurstaða samtals | 333.229 | 323.607 | 9.622 | 374.083 | 343.306 | 30.777 |
| Hlutfall af skatttekjum | 59,0% | | | 61,8% | | |

1.3. Rekstur Skýjaborgar

Í töflu 2 má sjá að hrein útgjöld leikskólans voru svo til samkvæmt fjárhagsáætlun árið 2013 en fóru hins vegar töluvert umfram fjárhagsáætlun árið 2014 eða 7.018 þ.kr. (11,6%). Þá hækkuðu hrein útgjöld úr 59.562 þ.kr. árið 2013 í 67.306 þ.kr. árið 2014 eða um 7.744 þ.kr. (13%). Launakostnaður hækkaði verulega milli ára en kjarasamningsbundin laun leikskólakennara hækkuðu að meðaltali um 14% á árinu 2014. Launakostnaður var 71,6% af heildarútgjöldum árið 2013 og 76,4% árið 2014. Í þessum útreikningi er kostnaðarhlutdeild Skýjaborgar í sameiginlegum kostnaði (tafla 4) ekki tekin með.

| Tafla 2: Rekstur leikskólans Skýjaborgar 2013 – 2014 (þús.kr.) | | | | | | |
|---|----------------|-------------------|---------------|----------------|-------------------|---------------|
| 04012 Leikskóli | 2013 | áætl. 2013 | mism. | 2014 | áætl. 2014 | mism. |
| Samtals tekjur | -13.839 | -11.720 | -2.119 | -12.795 | -11.794 | -1.001 |
| Leikskólagjald | -3.623 | -3.250 | -373 | -3.631 | -3.350 | -281 |
| Fæðisgjöld | -1.298 | -1.210 | -88 | -1.278 | -1.072 | -206 |
| Niðurgreitt fæði | -1.298 | -1.210 | -88 | -1.278 | -1.072 | -206 |
| Niðurgreidd vistunargjöld | -6.343 | -6.050 | -293 | -6.522 | -6.300 | -222 |
| Endurgreiðslur annarra | -1.277 | 0 | -1.277 | -86 | 0 | -86 |
| Samtals gjöld | 73.401 | 70.090 | 3.311 | 80.101 | 72.082 | 8.019 |
| Föst laun | 38.788 | 37.726 | 1.062 | 45.004 | 39.775 | 5.229 |
| Yfirvinna og orlof | 1.650 | 1.821 | -171 | 2.566 | 2.186 | 380 |
| Ræsting | 1.493 | 1.606 | -113 | 1.555 | 1.606 | -51 |
| Launat.gj. og starfsm.kostn | 10.618 | 10.500 | 118 | 12.041 | 10.810 | 1.231 |
| Annar kostnaður * | 20.852 | 18.437 | 2.415 | 18.935 | 17.705 | 1.230 |
| Rekstrarniðurstaða | 59.562 | 58.370 | 1.192 | 67.306 | 60.288 | 7.018 |
| * þar afinnri leiga fasteigna | 10.638 | 10.638 | 0 | 10.638 | 10.638 | 0 |

Annar kostnaður lækkaði milli ára. Til að mæta auknum launakostnaði var ráðist í að spara í öðrum gjöldum. Má þar nefna að útgjöld til viðhalds áhalda voru 288 þ.kr. árið 2014 en 816 þ.kr. árið áður og útgjöld til kaupa á verkfærum og áhöldum voru 28 þ.kr. árið 2014 en 234 þ.kr. árið áður. Til kaupa á leikföngum og tómsundatækjum var varið 171 þ.kr. árið 2014 en 236 þ.kr. árið áður. Þá fóru einungis 68 þ.kr. til ferðakostnaðar árið 2014 en 1.628 þ.kr. árið áður. Reyndar fengust styrkir að upphæð 1.277 þ.kr. (sjá í sundurliðun tekna í töflu 2) á móti þeim kostnaði sem var vegna starfmannafærðar erlendis. Að mati skýrsluhöfundar er eðlilegra að bókfæra þennan styrk á móti gjaldaliðnum í stað þess að tekjufæra hann. Sá gjaldaliður sem hækkaði hlutfallslega mest á árinu 2014 voru afnota- og þjónustugjöld vegna söfnunar skólanna á myndum á diskum en útgjöldin fóru úr 295 þ.kr. í 469 þ.kr.

1.4 Rekstur Heiðarskóla

Í töflu 3 má sjá að hrein útgjöld grunnskólans fóru 6.154 þ.kr. (2,8%) umfram fjárhagsáætlun árið 2013 en hins vegar 16.612 þ.kr. (7%) umfram fjárhagsáætlun árið 2014. Útgjöld milli ára hækkuðu úr 228.269 þ.kr. í 252.778 þ.kr. eða um 24.509 þ.kr. (10,7%). Launakostnaður hækkaði verulega milli ára en annar kostnaður stóð hins vegar í stað. Munar þar miklu að reiknuð innri leiga, sem er hátt hlutfall af öðrum gjöldum, var ekki hækkuð milli ára. Meðalhækkun kjarasamningsbundinna launa kennara á árinu 2014 var 11,3% og þá fjölgaði um 0,5 stöðugildi kennara sem var án heimildar að því er best er vitað. Auk þess kom til viðbótargreiðsla til almenns starfsmanns vegna yfirumsjónar með þrifum. Launakostnaður var 48,6% af heildarútgjöldum árið 2013 og 53,5% árið 2014 ef innri leiga er tekin með. Eins og sjá má í töflu 3 nemur innri leiga í kringum 72.000 þ.kr. sem er talsvert meira en innri leiga í öðrum grunnskólum af svipaðri stærð. Á árinu 2013 var meðal innri leiga 25.468 þ.kr. hjá þeim 18 grunnskólum sem voru með nemendafjölda á bilinu 51-100. Einungis Vopnafjarðarskóli var með hærri innri leigu eða 80.392 þ.kr. Há

innri leiga skekkir þar með rekstrarlegan samanburð við aðra skóla. Betri samanburður fæst með því að taka hana út, sjá nánar í kafla 4.

Yfirvinna kennara nam samtals 8.013 þ.kr. árið 2013 og 9.561 þ.kr. árið 2014. Þá var yfirvinna almennra starfsmanna 2.666 þ.kr. árið 2013 og 1.742 þ.kr. árið 2014.

Tafla 3: Rekstur grunnskólans Heiðarskóla 2013 – 2014 (þús.kr.)

| 04022 Grunnskóli | 2013ætlun 2013 | | mismunur | 2014ætlun 2014 | | mismunur |
|---|----------------|----------------|---------------|----------------|----------------|---------------|
| Samtals tekjur | -3.988 | -1.461 | -2.527 | -4.718 | -1.400 | -3.318 |
| Styrkir | 0 | 0 | 0 | -111 | 0 | -111 |
| Sala | -106 | 0 | -106 | 0 | 0 | 0 |
| Aðrar tekjur | 0 | 0 | 0 | -130 | | -130 |
| Endurgreiðslur sveitarfélaga | -3.802 | -1.461 | -2.341 | -3.493 | -1.400 | -2.093 |
| Endurgr. ríkissjóðs/stofnana | -80 | 0 | -80 | -562 | 0 | -562 |
| Endurgreiðslur annarra | 0 | 0 | 0 | -422 | 0 | -422 |
| Samtals gjöld | 232.257 | 223.576 | 8.681 | 257.496 | 237.566 | 19.930 |
| Föst laun starfsm | 25.034 | 18.115 | 6.919 | 30.292 | 23.659 | 6.633 |
| Yfirvinna og orlof starfsm | 2.666 | 4.232 | -1.566 | 1.742 | 3.223 | -1.481 |
| Föst laun kennara | 50.938 | 52.976 | -2.038 | 62.108 | 59.225 | 2.883 |
| Laun stuðningfulltrúa | 3.537 | 3.674 | -137 | 5.076 | 5.980 | -904 |
| Yfirvinna og orlof á yv kennara | 6.421 | 5.626 | 795 | 7.595 | 5.646 | 1.949 |
| Yfirvinna v/forfallakennslu | 1.592 | 1.014 | 578 | 1.966 | 1.101 | 865 |
| Laun v/félagsstarfa | 352 | 697 | -345 | 1.316 | 758 | 558 |
| Launat.gjöld og starfsm.kostn | 22.436 | 22.614 | -178 | 27.545 | 25.467 | 2.078 |
| Annar kostnaður * | 119.281 | 114.628 | 4.653 | 119.856 | 112.507 | 7.349 |
| Rekstrarniðurstaða | 228.269 | 222.115 | 6.154 | 252.778 | 236.166 | 16.612 |
| * þar af innri leiga fasteigna og tækja | 72.412 | 72.660 | -248 | 72.412 | 71.975 | 437 |

Annar kostnaður fyrir utan innri leigu var 46.869 þ.kr. árið 2013 og 47.881 þ.kr. árið 2014. Hér er tæpt á helstu útgjöldum og breytingum milli ára. Útgjaldafrekasti liðurinn var skólaaksturinn eða 21.247 þ.kr. árið 2013 og 23.287 þ.kr. árið 2014. Aksturinn var boðinn út árið 2014. Kostnaður vegna nemendaferða var 1.021 þ.kr. árið 2013 og 713 þ.kr. árið 2014. Þá var töluverður ferðakostnaður vegna starfsmanna, 854 þ.kr. árið 2013 mest vegna ferðar til Boston og 587 þ.kr. árið 2014. Á árinu 2013 var keypt tölvu- og hugbúnaðarþjónusta fyrir 1.075 þ.kr., aðallega vegna spjaldtölvuvæðingar. Þessi útgjaldaliður lækkaði í 618 þ.kr. árið 2014. Aðkeypt þjónusta vegna sálfræðings nam 3.068 þ.kr. árið 2013 og 3.401 þ.kr. árið 2014. Kostnaður vegna viðhalda áhalda var 715 þ.kr. árið 2013 og 942 þ.kr. árið 2014. Athygli vekur mikill kostnaður afnota- og þjónustugjalda en um er að ræða afritun á myndum og fleiru en til þess þurfti örbylgjusamband við Akranes, útgjöldin voru 1.961 þ.kr. árið 2013 og 2.922 þ.kr. Samningi um þessa þjónustu hefur verið sagt upp.

1.5 Sameiginlegur rekstur

Í bókhaldi Hvalfjarðarsveitar er haldið sérstaklega utan um sameiginlegan kostnað skólaeininganna, sjá töflu 4. Undir þann lið fellur launakostnaður og önnur útgjöld vegna skólastjóra hins sameinaða skóla. Þar að auki yfirvinnulaun til kennara vegna funda. Undir annan kostnað falla útgjöld vegna aðkeyprar þjónustu og má þar nefna þjónustu talmeinafræðings og vegna kaupa á verkfærum og áhöldum til sameiginlegra nota. Akstursgreiðslur til skólastjóra voru um 420-430 þ.kr. hvort ár.

Í kostnaðarútreikningum fjármálastjóra Hvalfjarðarsveitar hefur kostnaðarhlutdeild milli skólanna verið skipt eftir viðverutíma skólastjóra á hvorum stað þ.e. 60% á grunnskólann og 40% á leikskólann. Að mati skýrsluhöfundar er nær lagi að reikna út frá heildarútgjöldum eftir að innri leiga hefur verið dregin frá. Með þeim útreikningi væri kostnaðarhlutdeild grunnskólans um 74% og leikskólans um 26%. Þá er rekstur mötuneytisins tekinn með rekstri grunnskólans en ekki rekstur íþróttamiðstöðvarinnar. Athugandi er hins vegar að leysa upp þennan sameiginlega kostnað sem færður er undir bókhaldslykil 04020 og skipta á skólaeiningarnar eftir kostnaðarhlutdeild. Með því móti sést betur hver raunkostnaður skólaeininganna er og samanburður við aðra skóla þar með réttari.

| 04020 Sameiginl. kostn | 2013 | áætl. 2013 | mism. | 2014 | áætl. 2014 | mism. |
|-------------------------------|---------------|-------------------|---------------|---------------|-------------------|--------------|
| Samtals tekjur | -1.104 | 0 | -1.104 | -480 | 0 | -480 |
| Endurgr. ríkissjóðs/stofnana | -1.040 | 0 | -1.040 | -480 | 0 | -480 |
| Endurgr. annarra | -64 | 0 | -64 | 0 | 0 | 0 |
| Samtals gjöld | 18.925 | 17.036 | 1.889 | 22.412 | 18.941 | 3.471 |
| Föst laun | 7.286 | 6.960 | 326 | 7.733 | 7.545 | 188 |
| Yfirvinna og orlof | 1.393 | 1.793 | -400 | 1.805 | 730 | 1.075 |
| Nefndarlaun | 0 | 196 | -196 | 0 | | 0 |
| Launat.gjöld og starfsm.kostn | 2.094 | 2.594 | -500 | 2.388 | 2.410 | -22 |
| Annar kostnaður | 8.152 | 5.493 | 2.659 | 10.486 | 8.256 | 2.230 |
| Rekstrarniðurstaða | 17.821 | 17.036 | 785 | 21.932 | 18.941 | 2.991 |

1.6 Rekstur mötuneytis Heiðarskóla

Í Heiðarskóla er rekið mötuneyti fyrir nemendur og starfsmenn. Aðstaðan er rúmgóð og tækjabúnaður góður. Helst að það vanti nýjan ofn til viðbótar. Tveir matráðar eru í fullu starfi. Boðið er upp á staðgóðan morgunverð og hádegisverð. Lögð er áhersla á að maturinn sé góður hvað varðar hollustu og næringu og fylgt viðmiðunum Lýðheilsustöðvar. Að sögn skólastjóra er áætlað fjármagn til kaupa á matvælum of knappt með vísan í tölur um annan kostnað í töflu 5. Sú spurning vaknar hvort hagræða megi betur í innkaupum en nú er gert og þá með báðar skólaeiningarnar í huga. Hvor um sig sér um sín innkaup í dag. Aðföng í mötuneyti Heiðarskóla koma að mestu frá JGR í Borgarnesi sem kemur með vörurnar.

Tafla 5: Rekstur mótuneytis Heiðarskóla 2013 – 2014 (þús.kr.)

| 04027 Mötuneyti grunnskóla | 2013 | áætl. 2013 | mism. | 2014 | áætl. 2014 | mism. |
|-----------------------------------|---------------|-------------------|--------------|---------------|-------------------|--------------|
| Samtals tekjur | -5.549 | -5.480 | -69 | -6.167 | -5.812 | -355 |
| Fæðisgjöld | -2.358 | -2.340 | -18 | -2.637 | -2.494 | -143 |
| Niðurgreitt fæði | -2.358 | -2.340 | -18 | -2.637 | -2.494 | -143 |
| Endurgr. annarra | -833 | -800 | -33 | -893 | -824 | -69 |
| Samtals gjöld | 18.339 | 16.641 | 1.698 | 20.408 | 18.361 | 2.047 |
| Föst laun | 6.969 | 6.485 | 484 | 7.711 | 7.256 | 455 |
| Yfirvinna og orlof | 553 | 373 | 180 | 413 | 426 | -13 |
| Launat.gjöld og starfsm.kostn | 1.735 | 1.729 | 6 | 1.860 | 1.937 | -77 |
| Annar kostnaður * | 9.082 | 8.054 | 1.028 | 10.424 | 8.742 | 1.682 |
| Rekstrarniðurstaða | 12.790 | 11.161 | 1.629 | 14.241 | 12.549 | 1.692 |

1.7 Rekstur Íþróttamiðstöðvar

Haldið er sérstaklega utan um rekstur sundlaugar og íþróttahúss við Heiðarskóla. Launakostnaður baðvarða íþróttamiðstöðvarinnar er bókfærður undir rekstur grunnskólans enda starfsemin mjög samþætt skólastarfinu. Hins vegar er launakostnaður starfsmanns, sem kemur til starfa kl. 14:30 þegar sundlaugin er opnuð fyrir almenning, bókfærður á íþróttamiðstöðina. Það sama á við um launakostnað annars starfsmanns, sem kemur til starfa kl. 16:00 eftir að starfi hans lýkur á leikskólanum. Ástæðan fyrir auknum launakostnaði milli ára er að árið 2014 var gerð tilraun með að hafa sundlauginu opna allan júní mánuð sem hafði ekki verið gert áður. Opnunartími var þá ákveðinn mánudaga og miðvikudaga kl. 14:30-19:00, þriðjudaga og fimmtudaga kl. 14:30-21:00 og laugardaga kl. 11:00-14:00. Þessu fyrirkomulagi á opnunartíma var svo framhaldið síðastliðinn vetur sem var töluvert rýmri en áður hafði verið. Tilraunin í júní skilaði litlum árangri þrátt fyrir að gjaldfrítt væri í lauginu þar sem einungis 65 heimsóknir voru allan mánuðinn. Sundlaugin að Hlöðum hefur hins vegar átt mun meiri vinsældum að fagna yfir sumartímamann meðal ferðamanna og nýting verið með ágætum.

Tafla 6: Rekstur íþróttahúss og sundlaugar 2013 – 2014 (þús.kr.)

| 04030 Íþróttamiðstöð | 2013 | áætl. 2013 | mism. | 2014 | áætl. 2014 | mism. |
|--------------------------------|---------------|-------------------|--------------|---------------|-------------------|--------------|
| Samtals gjöld | 14.787 | 14.925 | -138 | 17.826 | 15.362 | 2.464 |
| Föst laun | 744 | 1.328 | -584 | 100 | 0 | 100 |
| Yfirvinna og orlof | 888 | 459 | 429 | 4.259 | 1.992 | 2.267 |
| Launat.gjöld og starfsm.kostn | 399 | 456 | -57 | 1.046 | 505 | 541 |
| Annar kostnaður * | 12.756 | 12.682 | 74 | 12.421 | 12.865 | -444 |
| * þar af innri leiga fasteigna | 9.566 | 9.566 | 0 | 9.566 | 9.566 | 0 |

2. Leikskóli – lýsing á starfsemi

Almennt

Leikskólinn Skýjaborg á orðið nokkuð langa sögu. Hann er staðsettur í Melahverfi og var tekinn í notkun árið 1999. Til að byrja með var ein deild í skólanum en árið 2007 var hann stækkaður og skipt í tvær deildir. Leikskólinn getur tekið við allt að 40 börnum en þá er orðið nokkuð þröngt um starfsemina. Leikskólinn opnar kl. 07:30. Foreldrar aka börnum sjálfir og getur það lengst orðið um 50-60 km (samanlagt fram og til baka). Klukkan 08:20 er morgunhressing. Starfið á deildum hefst svo um kl. 09:00.

Leikskólahúsnæðið þarfnast viðhalds en því hefur lítið verið sinnt síðan skólinn var stækkaður árið 2007. Að mati sviðsstjóra vantar betri aðstöðu fyrir starfsmenn til að sinna undirbúningsstörfum en í starfsemi leikskóla í dag er talið æskilegt að sérfræðingar hafi aðstöðu til að sinna börnum með sérþörfum í einrúmi. Búnings- og salernisaðstaða fyrir starfsfólk er of lítil enda ætluð í upphafi fyrir mun færri starfsmenn. Þá má benda á að við byggingu nýrra leikskóla er nú lögð áhersla á nauðsyn þess að salur/hreyfirými sé til staðar í leikskólum. Endurnýja þarf fartölvur en reyndar hafa allir starfsmenn fengið Ipad til afnota.

Mötuneyti

Mötuneyti er við leikskólann og matráður í fullu starfi. Matráður mætir um kl. 08:00 og undirbýr morgunmatinn og gengur frá. Sér svo um ávaxtastund sem er kl. 10:00, hádegismat sem byrjar kl. 11:45 og síðdegishressingu kl. 15:00.

Eldhúsið er lítið og hefur í raun aldrei verið klárað. Í upphafi var sett inn heimilisinnrétting og gömul tæki. Að mati sviðsstjóra leikskólans vantar góðan frystiskáp og kælikáp. Þá eru mörg tæki komin á aldur eins og helluborð, ofn og matvinnsluvélar.

Aðföng fyrir mötuneytið berast með margvíslegum hætti. Matráður fer aðra hverja viku í Bónus á Akranesi til að kaupa grænmeti og aðrar vörur og fær greitt akstursgjald fyrir það. Heimsending er frá MS tvisvar í viku með mjólkurvörur. Fisksali kemur með fisk einu sinni í viku. Kaja Organics á Akranesi kemur með þurrvörur eftir pöntunum. Þá eru pantaðar kjötvörur af söluaðila sem annast heimsendingu. Tandri kemur með hreinlætisvörur. Ekki er greitt sérstaklega til þessara aðila vegna heimsendingarþjónustu.

Stöðugildi og fjöldi barna

Í Skýjaborg eru 13 starfsmenn í 11,29 stöðugildum, utan skólastjóra.

Tafla 7: Yfirlit yfir starfsmenn í Skýjaborg 2015

| Miðað við 1. janúar 2015 | starfsheiti | starfshlutfall |
|--------------------------------|-----------------------|----------------|
| Arnar Ólafsson | starfsmaður | 100,00 |
| Bára Tómasdóttir | leikskólakennari | 100,00 |
| Berglind Sigurðardóttir | starfsmaður | 100,00 |
| Guðrún Magnúsdóttir | starfsmaður | 75,00 |
| Guðný Kristín Guðnadóttir | starfsmaður | 50,00 |
| Hafðís Búadóttir | starfsmaður | 100,00 |
| Hansína Ásgeirsdóttir | ræsting | 50,00 |
| Hjalta Sigríður Júlíusdóttir | matráður | 100,00 |
| Magnea Sigríður Guttormsdóttir | leikskólakennari | 100,00 |
| Ragna Björg Kristmundsdóttir | leikskólaleiðbeinandi | 100,00 |
| Sigurbjörg Friðriksdóttir | leikskólaleiðbeinandi | 73,00 |
| Unnur Tedda Þorgrímsdóttir | starfsmaður | 100,00 |
| Þórdís Þórisdóttir | sviðsstjóri | 81,00 |
| Samtals stöðugildi | | 1129,00 |

Gert er ráð fyrir 2 stg. í sérkennslu, 1 stg. skv. greiningum og 1 stg. vegna barna með seinkaðan málþroska, tvítyngis og skertan hreyfiþroska. Þetta er reiknað skv. samþykktum verklagsreglum. Gert er ráð fyrir hálfu stg. í afleysingu vegna undirbúningstíma kennara og 0,8 stg. í afleysingu vegna veikinda, námskeiða o.fl. Þá er eitt stg. í eldhúsi, hálf stg. í stjórnun og 0,31 stg. í verkefnastjórnun. Samtals gera þetta um 10,79 stg. Til viðbótar kemur svo hálf stg. í ræstingu er fram fer eftir að skólatíma er lokið. Sjá nánar yfirlit um starfsmenn í töflu 7.

Samkvæmt ákvæðum í eldri reglugerð um starfsemi leikskóla, sem sveitarfélög eru ekki lengur bundin af, er viðmiðunin sú að reikna starfshlutfall þannig að það séu 8 barngildi á hvert stöðugildi. Þannig gera 44,3 barngildi 5,54 stöðugildi. Sjá nánar í töflu 8. Í leikskólanum eru nú 34 börn en voru 41 árið 2013 en óvenju stór árgangur barna fór yfir í grunnskólann haustið 2014. Langflest barnanna eru svo til allan daginn í leikskólanum. Árið 2013 var eitt barn í 5 klst., þrjú í 6 klst., 11 í 7 klst., 19 í 8 klst. og 7 í 9 klst. Svipuð skipting er nú, sjá nánar í töflu 8.

Tafla 8: Fjöldi barna og barngilda í Skýjaborg 1.jan 2015

| árgangur | fjöldi | barngildi | barng.all |
|----------------|-----------|-----------|-------------|
| 2009 | 9 | 0,8 | 7,2 |
| 2010 | 6 | 1 | 6 |
| 2011 | 7 | 1,3 | 9,1 |
| 2012 | 5 | 1,6 | 8 |
| 2013 | 7 | 2 | 14 |
| Samtals | 34 | | 44,3 |

Í töflu 9 má sjá yfirlit yfir þau börn sem voru í leikskólanum 1. janúar 2015 og þau sem voru væntanleg í skólann á fyrstu mánuðum ársins. Þá lágu fyrir umsóknir fyrir þrjú börn sem náðu eins árs aldri í feb/mars og var gert ráð fyrir að taka þau inn. Eitt barn til viðbótar er svo væntanleg í byrjun sumars og verða þá 38 börn í leikskólanum. Í töflunni má sjá dvalartíma barnanna í leikskólanum en flest þeirra eru í 7-9 klst. á dag.

Tafla 9: Skipting eftir deildum og viðveru

| Eldri deild | Fæðingad | Dvalartími | Yngri deild | Fæðingad | Dvalartími |
|-------------|------------|----------------|-------------|------------|----------------|
| | 9.1.2009 | 8-16 | | 22.3.2012 | 9-15 |
| | 29.1.2009 | 7:30-16 | | 24.4.2012 | 9-16 |
| | 19.03.2009 | 8-16 | | 2.6.2012 | 7:30-16:30 |
| | 15.8.2009 | 8-16 | | 23.7.2012 | 9-16 |
| | 12.10.2009 | 7:30-16:30 | | 30.8.2012 | 9-14 |
| | 5.11.2009 | 9-15 | | 25.2.2013 | 8-16 |
| | 23.12.2009 | 8-16:30 | | 2.4.2013 | 8-16 |
| | 27.12.2009 | 9-16:30 | | 15.4.2013 | 7:30-16:30 |
| | 11.3.2009 | 9-16 | | 11.6.2013 | 9-16 |
| | 8.2.2010 | 8-16:30 | | 17.9.2013 | 7:30-15:30 |
| | 19.3.2010 | 8-16 | | 17.8.2013 | 8-15:30 |
| | 21.4.2010 | 9-16:30 | | 4.12.2013 | 8-15 |
| | 18.8.2010 | 9-15 | | 8.3.2014 | Byrjar í mars |
| | 20.10.2010 | 8:30-17 | | 19.3.2014 | Byrjar í mars |
| | 4.11.2010 | 8-16 | | 27.12.2013 | Byrjar í apríl |
| | 24.3.2011 | 7:30-16 | | | |
| | 10.05.2011 | 7:30-15:30 | | | |
| | 11.05.2011 | 7:45-16:15 | | | |
| | 26.05.2011 | 8-16 | | | |
| | 27.7.2011 | 8-16:30 | | | |
| | 19.8.2011 | 9-15.30 | | | |
| | 31.8.2011 | 8:30-14:30 | | | |
| | 9.2.2010 | Byrjar 1. mars | | | |

Leikskólagjald

Leikskólagjaldið er miklu lægra en í leikskólum víðast hvar annars staðar á landinu. Sama gjald er fyrir alla og enginn systkinaafsláttur veittur. Fyrirkomulagið er þannig að 5 tímarnir milli kl. 09:00 og 14:00 eru gjaldfrjálsir. Greiddar eru 3.250,- kr. fyrir hverja klst. umfram það. Þá greiða foreldrar helminginn af fæðiskostnaði vegna morgunmats, hádegismats og síðdegishressingar eða 3.500,- kr. Foreldrar með barn í 8 klst viðveru greiða því samtals 13.250,- kr. (9.750 + 3.500) á mánuði. Þetta er næstum því þrefalt lægra gjald en í leikskólum á Akranesi sem er um 36.000,- kr.

Börn eru tekin í leikskólann 12 mánaða gömul þó svo opinberlega sé talað um 18 mánaða aldur sem viðmiðun. Foreldrar hafa því ekki þurft á dagforeldrum að halda í sama mæli og í öðrum sveitarfélögum. Þetta, sem og lágt gjald, hefur haft þau áhrif að nær öll börn í sveitarfélaginu koma á leikskólann. Þá hefur þetta eflaust virkað hvetjandi fyrir barnafólk að flytjast í Hvalfjarðarsveit.

3. Grunnskóli – lýsing á starfsemi

Almennar upplýsingar

Heiðarskóli fluttist í nýtt húsnæði 1. ágúst 2011 er hann var sameinaður leikskólanum. Nýja húsnæðið er samtals 2.002 m² að stærð, 1. hæðin er 992 m² og 2. hæðin 1.010 m². Skólinn er byggður fyrir 130 nemendur og því hefur verið rúmt um þá 80-90 nemendur sem jafnan hafa verið í skólanum á ári hverju. Fyrir sameingu sveitarfélaganna fjögurra árið 2007 höfðu þau sameiginlega rekið Heiðarskóla um árabíl. Það var því komin löng reynsla í rekstri skólans.

Heiðarskóli er aðili að Grænfána verkefninu. Það er alþjóðlegt verkefni til að auka umhverfismennt og styrkja menntun til sjálfbærni í skólum. Skólar ganga í gegnum sjö skref í átt að aukinni umhverfisvitund og sjálfbærni. Þegar því marki er náð fá skólarnir að flagga Grænfánanum til tveggja ára og fæst sú viðurkenning endurnýjuð ef skólarnir halda áfram góðu starfi.

Stöðugildi kennara

Skólastjórinn hefur ekki kennsluskyldu. Sigríður Lára Guðmundsdóttir er sviðsstjóri grunnskólasviðs og hefur 50% kennsluskyldu og er hennar stjórnunarhlutverk skilgreint sem 50%. Þegar tekið hefur verið tillit til þessa eru stöðugildin í kennslu þar með 14,27 og stöðugildi í stjórnun 1,5 sé tekið mið af skýrslu skólastjórans. Rétt þó að benda á að 0,4 af stöðugildi hans ætti að tilheyra leikskólanum. Þá er rétt að taka fram að tveir af starfsmönnum eru ráðnir sérstaklega til sérkennslu. Annar er þroskaþjálfari og ekki með kennsluréttindi og því ekki ráðinn á samningum Kennarasambands Íslands. Mætti því alveg eins færa starf þessa starfsmanns undir almenn störf en hér er stuðst við skilgreiningu Sambands íslenskra sveitarfélaga sem setur alla háskólamenntaða starfsmenn sem koma að kennslu undir hóp kennara. Hinn starfsmaðurinn er einnig menntaður þroskaþjálfari en með kennsluréttindi. Kennari kemur úr fæðingarorlofi í sumarbyrjun 2015. Ekki var ráðið í afleysingu fyrir hann en starfsmaður með kennararéttindi hins vegar fluttur til frá leikskólanum yfir í grunnskólann. Ekki er gert ráð fyrir því að viðkomandi kennari fari aftur í fyrra starf og því ljóst að stöðugildum kennara mun þar með fjölga um eitt frá því sem var á síðasta skólaári verði annað ekki ákveðið. Reyndar liggur fyrir að einn kennari mun fara í fæðingarorlof næsta haust.

Tafla 10: Yfirlit yfir kennslu og stjórnun í Heiðarskóla skólaárið 2014-2015

| Miðað við 1. ágúst 2014 | starfshl | Kennslustundir á viku | | | | Klst á viku önnur yv |
|------------------------------------|----------------|-----------------------|--------------|-------------|--------------|-------------------------|
| | | alm.kennsla | sérsk. | verkefni | yfirvinna | |
| Alexandra Chernyshova | 84,62 | 22 | | | | |
| Arndís Halla Guðmundsdóttir | 100,00 | | 22 | | | |
| Berglind Bergsdóttir | 100,00 | 26 | | | | |
| Einar Sigurdór Sigurðsson | 100,00 | 29,3 | | | 3,3 | |
| Helena Bergström | 100,00 | 26 | | | | 1 |
| Helga Harðardóttir | 100,00 | 32,3 | | | 6,3 | 3,3 |
| Hjálmur Dór Hjálmsson | 100,00 | 19,3 | | 6 | 1,1 | |
| Hrafnhildur Ýr Árnadóttir | 100,00 | 24 | 2 | | | |
| Jón Rúnar Hilmarsson | 100,00 | | | | | |
| Jónella Sigurjónsdóttir | 100,00 | 28,3 | | | 2,3 | 3 |
| Katrín Rós Sigvaldadóttir, fæð.orl | 0,00 | | | | | |
| Ómar Örn Kristófersson | 71,15 | 15,5 | 3 | | | |
| Sigríður Björk Kristinsdóttir | 100,00 | 13,3 | 14 | | 1,3 | |
| Sigríður Lára Guðmundsdóttir | 100,00 | 10 | 3 | | 1 | |
| Sigurður Tómasson | 100,00 | 28 | | | 2 | |
| Örn Arnarson | 100,00 | 28 | | | 2 | 1 |
| Ólöf Guðmundsdóttir | 100,00 | | 22 | | | |
| Samtals | 1555,77 | 302,00 | 66,00 | 6,00 | 19,30 | 8,30 |

heimild: Vinnuskýrsla skólastjóra frá 1. ágúst 2014

Í töflunni má sjá að nær þrjú stöðugildi eru bundin við sérkennslu, þ.e. 66 kennslustundir eða 0,73 stundir á hvern nemanda að meðaltali á viku. Af starfi eins kennara eru 30% bundin við verkefnastjórn vegna tækniþróunar en allir starfsmenn og nemendur skólans hafa fengið íþad til afnota. Nokkrir kennarar fá greidda yfirvinnu, yfirleitt 1 yfirvinnutíma, vegna ýmissa hluta eins og umsjón með sinni kennslustofu, fyrir ljósmyndatöku, myndbandsupptöku, utanumhald með nemendaráði, umsjón með forskóla í tónlist svo eitthvað sé nefnt. Tveir kennarar hafa fengið greitt fyrir 2 yfirvinnutíma hvor þar sem þeir óskuðu eftir að kenna 28 kest. á viku og þar með umfram 26 kest. skylduna. Einn kennari hefur fengið greidda yfirvinnu vegna sérstakra aðstæðna sem komu upp í starfmannamáli 2014. Annar kennari fær að auki greidda 3 yfirvinnutíma vegna bókasafns og enn annar kennari 3,3 tíma vegna tölvuumsjónar. Sú breyting varð síðastliðið haust að starfshlutfall Ómars var hækkað í 94% þar sem kennslustundum hans við sérkennslu var fjölgað úr 3 í 9.

Svokölluðum Pottormi, var um 1.400 þ.kr. árið 2014, er úthlutað í fagleg verkefni, mest megnis teymisvinnu. Á síðasta skólaári voru þrjú teymi starfandi í skólanum; íþadteymi, umhverfisteymi og uppbyggingarteymi. Flestir kennarar taka þátt í teymisvinnu og dreifist Pottormurinn nokkuð jafnt á milli þeirra. Þetta fyrirkomulag, Pottormurinn, er að detta út og munu fagleg störf eins og teymisvinna falla undir venjuleg störf kennara þegar nýtt vinnumat kennara verður tekið upp frá 1. ágúst 2015 með nýjum kjarasamningum. Verður þá ekki greitt sérstaklega fyrir þessa vinnu.

Margt annað mun breytast í vinnufyrirkomulagi kennara með fyrrgreindu vinnumati. Má þar nefna að kennsluskyldan verður á bilinu 24 – 28 kest. og því verður ekki greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu umfram 26 kest. Þá falla greiðslur vegna stofuumsjónar niður svo og aukagreiðslur vegna uppbrotsdaga. Þá

lengist viðvera kennara á vinnustað. Þessar breytingar gefa tækifæri til að leggja af alls konar aukagreiðslur sem tíðkast hafa í Heiðarskóla undanfarin ár og endurskipuleggja starfið við skólann.

Stöðugildi almennra starfsmanna

Þrír almennir starfsmenn eru í 76% starfshlutfalli með vinnutíma frá 08:00 til 14:00. Starfsheiti þeirra er skilgreint sem skólaliðar en auk gæslu sinna þeir þrífum. Þá eru tveir starfsmenn í hálfu starfi, vinna frá 13:00 til 17:00, sem sinna eingöngu þrífum samkvæmt verkáætlun. Einn starfsmaður heldur utan um skipulag á ræstingunni ásamt öðrum störfum eins og umsjón með bókasafninu. Húsvörður sinnir húsvörslu (60%) og baðvörslu í Heiðarborg tvo daga í viku (40%). Hann fékk greitt fyrir 3.140 km í akstur árið 2014 sem verður að teljast nokkuð mikið en hann fer annað slagið til Akraness í útréttingar. Einn starfsmaður sér um ípróttamiðstöðina, þríf og annað, og sinnir jafnframt baðvörslu. Skólaritari er í fullu starfi svo og tveir matráðar í mötuneyti. Sú breyting hefur orðið á starfsmannahaldinu frá síðustu áramótum að tvær konur eru farnar í fæðingarorlof. Þegar hefur verið ráðið í staðinn fyrir aðra en ætlunin er að ráða ekki í afleysingu fyrir hina í sparnaðarskygni.

Tafla 11: Yfirlit yfir almenna starfsmenn í Heiðarskóla skólaárið 2014-2015

| Miðað við 1. janúar 2015 | starfsheiti | starfshlutfall |
|-----------------------------------|----------------------------|----------------|
| Aðalbjörg Alla Sigurðardóttir | stuðningsfulltrúi | 60,00 |
| Anna Rósa Guðmundsdóttir | skólaliði | 50,00 |
| Árdís Hauksdóttir | skólaliði | 76,00 |
| Birgitta Guðnadóttir | skólaliði | 76,00 |
| Bjarni Guðjónsson | húsvörður/baðvörður | 100,00 |
| Elín Guðrún Tómasdóttir | stuðningsfulltrúi | 80,00 |
| Jóhanna Sigríður Vilhjálmisdóttir | stuðningsfulltr/ skólaliði | 100,00 |
| Katrín Guðmundsdóttir | matráður | 100,00 |
| Kolbrún Sigurðardóttir | skólaritari | 100,00 |
| Sigríður Kristjánsdóttir | matráður | 100,00 |
| Sólrún Jørgensdóttir | skólaliði/baðvörður | 100,00 |
| Sunneva Hlín Skúladóttir | skólaliði | 76,00 |
| Sylvía Rós Helgadóttir | skólaliði | 50,00 |
| Samtals stöðugildi | | 1068,00 |

Ráðningarsamningur almennra starfsmanna gerir ráð fyrir starfi allt árið. Þeir hafa hins vegar selt kaffitíma sína (35 mín á dag) á skóladögunum (180 dagar) og vinna þannig af sér jóla-, vetrar- og páskafrí. Styttu þannig jafnframt vinnutímamann yfir sumarið en þar kemur einnig til að þeir taka yfirvinnu út í fríi. Þá vinna almennir starfsmenn einnig lengur inn í sumarið heldur en kennarar og byrja jafnframt fyrr í byrjun skólaárs.

Almennir starfsmenn hafa fengið um nokkurra ára skeið viðbótargreiðslu, 16.000 kr. á mánuði, samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar. Samþykkt liggur fyrir því út þetta skólaár. Rétt fyrir sameiningu skólanna árið 2011 fengu almennir starfsmenn Heiðarskóla 6% álag ofan á sín laun, sem sett var inn í ráðningasamning þeirra. Þetta fyrirkomulag er ennþá til staðar fyrir þá sem voru í starfi fyrir sameininguna en ekki fyrir þá sem hafa verið ráðnir síðar. Þarna er því um að ræða nokkuð misræmi milli starfsmanna.

Kennslumagn

Lög um grunnskóla ákvarða nánar námssvið og viðfangsefni skólstarfsins. Þar segir m.a. að kveða skuli á um hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina í grunnskóla. Þess skuli gætt að námið verði sem heildstæðast en hver grunnskóli ákveði hvort námsgreinar og námssvið eru kennd aðgreind eða samþætt. Skólastjóri ber faglega ábyrgð á skipan kennslu. Að öllu jöfnu er gert ráð fyrir því að námsgreinar og námssvið grunnskóla dreifist eðlilega á námstímann og samkvæmt faglegum sjónarmiðum. Engu að síður veitir viðmiðunarstundaskráin sveigjanleika innan námssviða og á milli áfanga en útfærslu á því skal birta í starfsáætlun skóla.

Út frá áherslupáttum námskrár í lögum skal hafa jafnvægi milli bóklegs náms og verklegs og þess gætt að ekki halli á verklegt nám þegar skólstarf er skipulagt. Það á einnig við um skipulag valnámskeiða. Því er gert ráð fyrir að allt að helmingur valstunda sé bundinn list- og verktengdu námi.

Mikilvægt er að horfa til þess við skipulag skólstarfs að viðmiðunarstundaskrá er rammi um vægi námsgreina og námssviða í tímaramma skólanna. Þar er ekki verið að taka ákvörðun um hve mikill tími fer í viku hverri í hverja námsgrein. Það er ákvörðun hvers skóla í samráði við skólasamfélagið/sveitarfélagið hvernig stundaskrár líta út. Það er ekkert sem mælir gegn því að námsgreinar eða námssvið séu tekin fyrir á styttri tíma en heilum vetri þannig að þær hafi meira vægi í stundaskrá nemenda ákveðið tímabil og séu svo ekki í stundaskrá önnur tímabil. Hvað þetta varðar hafa skólar svigrúm.

Kennslumagnið og fyrirkomulag kennslunnar ræður miklu um fjölda stöðugilda kennara og þar með hvað varðar útgjöld. Í töflu 7 má sjá viðmiðunarstundaskrá samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla sem mennta- og menningarmálaráðuneytið gefur út.

Tafla 12: Viðmiðunarstundaskrá samkv. aðalnámskrá grunnskóla

| vikulegur kennslutími í mín. | 1. - 4. b | 5. - 7. b | 8.-10. b | samtals |
|------------------------------|-------------|-------------|-------------|--------------|
| danska | | 120 | 440 | 560 |
| enska | 40 | 240 | 400 | 680 |
| heimilisfræði | 160 | 240 | 80 | 480 |
| hönnun og smíði | 160 | 120 | 40 | 320 |
| íslenska | 960 | 600 | 600 | 2160 |
| íþróttir | 480 | 360 | 360 | 1200 |
| listgreinar | 640 | 480 | 160 | 1280 |
| lífsleikni | 40 | 120 | 120 | 280 |
| náttúrfr. og umhverfismennt | 320 | 360 | 360 | 1040 |
| samfélagsgreinar | 480 | 440 | 280 | 1200 |
| stærðfræði | 800 | 600 | 600 | 2000 |
| uppl. og tæknimennt | 160 | 120 | 40 | 320 |
| val | 560 | 400 | 960 | 1920 |
| Samtals mínútur | 4800 | 4200 | 4440 | 13440 |
| fjöldi kest (40 mín) | 120 | 105 | 111 | 336 |
| fjöldi kest pr. bekk | 30 | 35 | 37 | |

Í Heiðarskóla hefur sá háttur verið hafður á að allir árgangar fá 36,25 kest. á viku. Í töflu 13 má sjá að þar með eru yngstu bekkirnir að fá nokkru meiri kennslu en kennsluskyldan gerir ráð fyrir en elstu árgangarnir eilítið minna. Þeim elstu hefur verið bætt það upp með svokallaðri Helgarsmiðju einu sinni á skólaárinu. Svo aftur sé vísað til töflu 13 þá er um að ræða 26,5 kest. umframkennslu sem samsvarar heilu stöðugildi kennara. Nánar er fjallað um þetta í kafla um viðbótarkennslu á bls. 23.

Tafla 13: Kennslustundir á viku eftir bekkjum

| bekkur | fj nemenda | kennslusk | fá | mism |
|----------------|------------|------------|--------------|-------------|
| 1 | 14 | 30 | 36,25 | 6,25 |
| 2 | 8 | 30 | 36,25 | 6,25 |
| 3 | 10 | 30 | 36,25 | 6,25 |
| 4 | 9 | 30 | 36,25 | 6,25 |
| 5 | 7 | 35 | 36,25 | 1,25 |
| 6 | 11 | 35 | 36,25 | 1,25 |
| 7 | 5 | 35 | 36,25 | 1,25 |
| 8 | 11 | 37 | 36,25 | -0,75 |
| 9 | 7 | 37 | 36,25 | -0,75 |
| 10 | 8 | 37 | 36,25 | -0,75 |
| Samtals | 90 | 336 | 362,5 | 26,5 |

Samkennsla

Í fámennum grunnskólum er oft hagkvæmt að kenna tveimur og stundum þremur árgöngum saman í einstökum námsgreinum. Þannig nýtist kennarinn og aðstaðan betur og gæði kennslunnar geta orðið meiri. Ávinninginn er svo hægt að nýta að hluta með því að skipta hópunum upp aftur í skiptitíma.

Samkennsla í Heiðarskóla er með eftirfarandi hætti:

1. bekkur sér (14 nem).
- 2.-3. bekkur saman (8 + 10 nem).
- 4.-5. bekkur saman (9 + 7 nem).
6. – 7. bekkur saman (11 + 5 nem).
8. – 9. bekkur saman (11 + 7 nem).
10. bekkur sér (8 nem).

Valgreinar

Í aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir að valgreinar séu að meðaltali rúm 14% fyrir alla bekki en mest í elstu bekkjunum (21%). Ekki er kveðið á um lágmarksfjölda í valgrein en vinnureglan er sú að a.m.k. 6-8 nemendur velji greinina svo raunhæft sé að halda uppi kennslu í henni. Í Heiðarskóla eru kenndar 7,5 kennslustundir í vali hjá nemendum í 8.-10. bekk, samtals 26 börn. Tímarnir eru 21,25 af heildarkennslustundafjölda skólans. Til að gefa hugmynd um innihald kennslunnar má sjá eftirfarandi skipulag frá skólaárinu 2014-2015:

Priðjudaðar – 2 kennarar: Bundið val – 50 mínútur á viku

1. *Fjármálalæsi undirstaðan, einnig tekið á netfíkn og almennri netnotkun.*
2. *Eftir páska farið í sjálftraust og sjálfsvirðingu.*

Miðvikudaðar – 3 kennarar 50 + 40 mín

Kennari 1 og 2: Fréttastöðvaval fyrir áramót og árshátíðarval eftir áramót.

Kennari 3: Smíði: Markmið kennslunar er að undirbúa nemendur við notkun tækja og verkfæra til almennar notkunar í daglegu lífi. Þekkja mun á efnum og samsetningu þeirra, endurvinnsla gamalla efna og viðgerðir með samsetningu nýrra í eldri og öfugt. Þekkja mun á harðvið og mjúkvið, sögun þeirra og meðhöndlun. Endurnýtingar gamalla úrsérgenginna húsmuna og jafnvel ný notkun fyrir þá sem annarra hluta.

Fimmtudaðar – 3 kennarar 2 x 40 mín:

Kennari 1: Textílmennt o.fl

1. *Prjón - íslenska ullin: Nemendur velja verkefni og prjóna stykki að eigin vali úr íslensku ullinni.*
2. *Árbókarval: Nemendur búa til sína eigin árbók frá grunni, velja myndir í hana, prenta út og binda inn.*
3. *Skólahreystival – skólahreystihópurinn æfir sig fyrir skólahreysti.*
4. *Skýjaborgarval: Nemendur læra um þroska, öryggi, leiki og samskipti við leikskólabörn. Hver og einn dvelur einn dag í leikskólanum og fær að vinna með börnunum.*

Kennari 2: Tónmennt

1. *Bílskúrshljómsveit.*
2. *Skapandi tónlistartilraunir.*

Kennari 3: Vélaval

Markmið kennslunnar er að undirbúa nemendur við notkun tækja og verkfæra til almennar notkunar í daglegu lífi. Nemendur munu öðlast þekkingu við grunnviðhalds vélknúinna tækja þó einna helst leiðbeint í átt að bifreiðum.

Föstudagaðar – 3 kennarar 2 x 40 mín á viku

Kennari 1 og 2: Notað og endurnýjað. Nemendur gera upp gamla hluti og endurvinnu fyrir áramót. Eftir áramót smíði(tálga og renna), glervinnsla, leir og ljósmyndun.

Kennari 3: Heimilisfræði – Heilsuréttir fyrir áramót, gerbakstur og matarmenning eftir áramót.

Skiptitímar

Skiptitímar eiga jafnt við um skyldugreinar og valgreinar. Enginn greinarmunur er gerður þar á. Markmiðið með skiptitímum er að þjónustu nemendur betur í smærri hópum. Ekkert ákvæði er í reglugerð um fjölda nemenda í skiptitímum fyrir utan að hámarkfjöldi nemenda undir 10 ára aldri í sundtíma er 15 með einum kennara. Skólar hafa því frjálssræði til að útfæra skipulag á skiptitímum. Yfirleitt eru aldrei fleiri en 12-14 nemendur í list- og verkgreinum hjá einum kennara. Í einhverjum greinum er miðað við 8-10 nemendur en aðstæður kunna að ráða þar nokkuð för er varðar rými fyrir nemendur t.d. í list- og verkgreinum og í íþróttakennslu. Kostnaðarsamast er þegar hóp er þrískipt þ.e. á þrjá kennara.

Fyrirkomulag skiptitíma í Heiðarskóla er eftirfarandi:

Í 1. – 7. bekk eru 45 skiptitímar, í unglingsáæild eru 25 tímar þar sem tveir kennarar kenna þremur árgöngum í einu, 3 tímar þar sem bekkirnir eru aðskildir og 7,5 tímar þar sem bekkirnir eru í vali með þremur kennurum. Skiptingin á námshópa er eftirfarandi:

- 1. bekkur – 14 börn: Samtals 10 skiptitímar sem skiptast þannig; tónmennt/tjáning - 2, hjá kennara/sund - 2, myndmennt/smiði – 2, tónlistarforskóli/sund – 2 og heimilsfræði/textílmenn – 2.*
- 2. og 3. bekkur – 18 börn: Samtals 11 skiptitímar sem skiptast þannig; heimilsfræði/textílmenn – 2, tónlistarforskóli/sund – 1, tónmennt/tjáning – 2, bókasafn/sund – 2, myndmennt/smiði – 2 og sund/upplýsinga og tæknimenn – 2.*
- 4. og 5. bekkur – 16 börn: Samtals 12 skiptitímar sem skiptast þannig; tónmennt/tjáning – 2, hjá kennara/náttúrufræði – 2, heimilsfræði/textílmenn – 2, sund/upplýsinga og tæknimenn – 2, myndmennt/smiði – 2 og bókasafn/hjá kennara – 2.*
- 6. og 7. bekkur – 16 börn: Samtals 12 skiptitímar sem skiptast þannig; heimilsfræði/textílmenn – 2, stærðfræði/UT – 2, bókasafn/íslenska – 2, tónmennt/tjáning – 2, myndmennt/smiði – 2, náttúrufræði/sund.*

8., 9. og 10. bekkur – 26 börn, öðruvísi fyrirkomulag:

- 25 tímar 2 kennarar og þrjú árgangar*
- 3 bóklegir tímar, náttúrufræði verklegt, íslenska og enska - 1 kennari á árgang*
- 6 tímar í vali að stærstum hluta list- og verkgreinar, boðið upp á þrennt í einu – 3 kennarar*

Skiptitímafyrirkomulagið hjá Heiðarskóla er nýtt meira en gengur og gerist meðal grunnskóla en þó innan leyfilegra marka. Aðspurð segja stjórnendur skólans að ekki henti kennslufræðilega að kenna list- og verkgreinar í stórum hópum því nemendur þurfi mikla aðstoð í þeim greinum. Þá nefna þau að öryggissjónarmið vegi líka þungt þegar verið er að vinna með tæki og tól t.d. í smíðum og heimilsfræði. Þá tiltaka þau að námsgögn, fjöldi tækja og rými bjóði heldur ekki upp á annan möguleika. Í sundi er skiptingin ýmist af öryggisástæðum eða rýmisástæðum. Ekki öruggt að vera með mörg börn í einu í lauginni í yngri bekkjunum þegar börnin eru ósynd. Sundlaugin er lítil og eftir því sem börnin stækka er erfiðara að koma þeim öllum fyrir í lauginni þannig að hvert og eitt njóti sín í sundnáminu. Stærð náttúrufræðistofunnar og námsgögn/búnaður ásamt öryggissjónarmiðum stýra því að verklegu tímarnir eru fámennir. Þá eru einungis 14 nothæfar tölvur í tölvustofu skólans og því eru skiptitímar settir inn ef námshópurinn er fjölmennari en 14 nemendur. Bókasafnið er frekar lítið og rúmar illa fjölmenna námshópa í markvissri bókasafnsvinnu. Stundatöflugerð sé þúsluspil og stundum þurfi að skipta tímum svo allir fái það sem þeir eiga að fá í töflu. Þetta á bæði við nemendur og kennara. Þá nefna þau óskir

foreldra um að að fjölga skiptitímum hjá umsjónarkennurum til að þjónusta betur nemendur. Einnig hafa umsjónarkennarar óskað eftir skiptitímum og rökin eru þau sömu og hjá foreldrum. Loks kom fram að stundum eru árgangar innan námshópanna í ólíkum verkefnum eins og samræmdum prófum, upplestrarkeppni og öðrum verkefnum. Skiptitímar nýtast þá vel í undirbúningi fyrir þess konar vinnu.

Sérkennsla

Almennt hefur áhersla á sérkennslu í skólastarfi aukist mikið á undanförunum árum. Þannig hefur þjónusta við nemendur í Heiðarskóla með frávíksgreiningar aukist jafnt og þétt. Í samanburði við önnur sveitarfélög er hlutfall nemenda með frávíksgreiningar (34%) og sérþarfir með því hæsta sem gerist.

Sérkennsla getur falið í sér breytingar á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluaðferðum miðað við það sem öðrum nemendum á sama aldri er boðið upp á. Lagt er upp með að taka mið af þörfum og hæfileikum hvers einstaklings og leitast við að ná þessum markmiðum með jákvæðu viðmóti og virðingu fyrir einstaklingnum um leið og lögð eru fyrir verkefni við hæfi. Reynt er að koma aðstoð sérkennarans, þroskaþjálfara og stuðningsfulltrúa sem mest inn í bekkjarheildina þannig að heildarnám raskist sem minnst. En stundum er þó nauðsynlegt að taka nemendur út úr kennslustund til frekari þjálfunar.

Um þrjú stöðugildi eru nú bundin við sérkennslu í Heiðarskóla. Einn sérkennari/þroskaþjálfari er í 100% starfi sem heldur utan um sérkennsluna og sinnir einstaka nemendum bæði í leik- og grunnskólanum. Hann gerir einstaklingsnámskrár, stýrir starfi sálfræðings, er í sambandi við aðrar stofnanir og leiðbeinir kennurum. Annar kennari veitir einum nemanda sérkennslu í 19 kestim á viku, auk þess aðstoðar stuðningsfulltrúi viðkomandi einstakling. Þá er þroskaþjálfari í nær fullu starfi vegna nemanda á unglíngastigi en sinnir jafnframt tveimur nemendum á yngsta stigi sem hafa hegðunarvandamál og aðra frávíksgreiningu.

Stuðningsfulltrúi í 60% starfshlutfall sinnir 4. og 5. bekkjum vegna námsfrávika og þá sérstaklega hjá einum nemanda. Þessi stuðningsfulltrúi er í tímabundnu starfi út skólaárið sem er að ljúka. Nokkrir nemendur fá sérkennslu í verklegum greinum hjá smíðakennaranum auk þess sem einnemandi er keyrður í Skipanes hálfan dag í viku í verklega vinnu. Talmeinafræðingur kemur í skólann þrisvar í mánuði og sálfræðingur tvisvar í mánuði, en þeir fá greitt skv. verktöku.

Viðbótarkennsla

Í Heiðarskóla fá allir nemendur fulla kennslu eða 36,25 kestim á viku. Ástæðan fyrir þessu fyrirkomulagi er í fyrsta lagi af hagkvæmniástæðum þar sem öll börn fara á sama tíma heim úr skóla með skólabílum sem fer kl. 14:30 en kennslu lýkur kl. 14:20. Önnur ástæða fyrir þessu fyrirkomulagi er að veita nemendum betri þjónustu. Nemendur í bekkjum 1.- 4. eru þar með að fá 6,25 kestim (sjá töflu 13) umfram kennsluskyldu skv. námskrá. Viðbót sem nemendur fá í kennslu er ekki endilega í lok kennsludags heldur dreift í stundaskránni. Boðið er upp á íþróttir, forskóla í tónmennt, aukatíma í grunngreinum eins og lestri og stærðfræði, bókasafnstíma og kennslu í greinum eins og rússnesku og spænsku. Í heildina tekið er verið að veita viðbótarþjónustu sem nemur einu stöðugildi kennara.

4. Samanburður við aðra skóla

Hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga er að finna mjög ítarlegar upplýsingar um samanburð milli sveitarfélaga hvað varðar rekstur leiksskóla og grunnskóla (Árbók sveitarfélaga og Skólamál). Hafa verður þó þann fyrirvara á að það kann að vera munur á því hvernig tekjur og útgjöld eru bókfærð hjá sveitarfélögum þó að í aðalatriðum sé það með mjög svipuðum hætti. Hvað varðar Hvalfjarðarsveit hefur sambandið einungis tekið upplýsingar úr bókhaldslykli 04022 til að bera saman rekstur Heiðarskóla við rekstur grunnskóla í öðrum sveitarfélögum. Vantar þar með rekstur mótuneytisins (04027) og hlutdeild Heiðarskóla í sameiginlegum rekstri (04020). Þá er ekki heldur tekinn með rekstur íþróttamiðsstöðvarinnar sem er mjög samþættur rekstri Heiðarskóla. Það er reyndar mjög misjafnt eftir sveitarfélögum hvort rekstur íþróttahúss og sundlaugar sé tekinn með rekstri grunnskóla. Oft er hann bókfærður á annan málaflokk þó svo mannvirkin séu áföst skólahúsnæðinu eða á skólalóðinni.

Sami fyrirvari gildir um samanburð á rekstri Skýjaborgar við aðra leiksskóla en í samanburði í Árbók sveitarfélaganna er ekki gert ráð fyrir kostnaðarhlutdeild leikskólans í sameiginlegum rekstri.

Samanburður hvað varðar stöðugildi bæði leik- og grunnskólans ætti hins vegar að vera mjög nærri lagi enda upplýsingar um fjölda kennara, almenna starfsmenn, nemendur og leikskólabörn mjög aðgengilegar.

Í töflu 14 (unnið úr upplýsingum í Árbók sveitarfélaga 2014) er að finna samanburð við aðra skóla með fjölda 51-100 nemendur. Áhugavert er að bera saman fjölda nemenda á hvert stöðugildi kennara og stöðugildi alls. Það er mat skýrsluhöfundar að eitt af þeim markmiðum sem sveitarfélagið þarf að setja sér í skólastefnu er fjöldi nemenda á hvert stöðugildi. Þannig að ef nemendum fækkar verði málið skoðað og leitað skýringa.

Samanburðurinn er nokkuð sláandi hvað varðar Heiðarskóla en skólinn er með fæsta nemendur á hvert stöðugildi samtals og næstlægstur hvað varðar fjölda nemenda á hvert stöðugildi kennara. Upplýsingar um samanburð fyrir árið 2014 liggja ekki fyrir en væntanlega mun Heiðarskóli koma töluvert betur út úr þeim samanburði þar sem nemendum fjölgaði verulega milli ára eða úr 81 í 90.

Tafla 14: Stöðugildi í grunnskólum með 51 - 100 nemendur árið 2013

| Heiti skóla | fj. nem. | stg kennara | stg alm starfsm | nem/ stg kennara | nem/ stg a.stm | samtals nem/stg |
|---------------------------------|-------------|-------------|-----------------|------------------|----------------|-----------------|
| Höfðaskóli, Skagastr. | 93 | 11,2 | 4,2 | 8,3 | 22,1 | 6,0 |
| Grunnskóli Djúpavogs | 61 | 9,1 | 2 | 6,7 | 30,5 | 5,5 |
| Laugalandsskóli í Holtum | 62 | 8,4 | 3 | 7,4 | 20,7 | 5,4 |
| Krikaskóli, Mosfellsbæ | 91 | 8,5 | 8,3 | 10,7 | 11,0 | 5,4 |
| Grunnsk. Grundarfj. | 92 | 11,9 | 5,5 | 7,7 | 16,7 | 5,3 |
| Aurarskóli, Dalabyggð | 89 | 12,1 | 5,5 | 7,4 | 16,2 | 5,1 |
| Þelamerkurskóli, Hörgársveit | 80 | 11,2 | 5,2 | 7,1 | 15,4 | 4,9 |
| Grunnskóli Mýrdalshr. | 52 | 8,2 | 3,1 | 6,3 | 16,8 | 4,6 |
| Seyðisfjarðarskóli | 64 | 10,9 | 3,3 | 5,9 | 19,4 | 4,5 |
| Þingeyjarskóli | 69 | 7,8 | 7,8 | 8,8 | 8,8 | 4,4 |
| Flóaskóli | 91 | 14,8 | 5,9 | 6,1 | 15,4 | 4,4 |
| Grunnskólinn á Þórshöfn | 64 | 10,3 | 5,1 | 6,2 | 12,5 | 4,2 |
| Vopnafjarðarskóli | 99 | 12,8 | 11,3 | 7,7 | 8,8 | 4,1 |
| Húnavallaskóli | 56 | 7,8 | 6,4 | 7,2 | 8,8 | 3,9 |
| Grunnsk. Hólmavík | 69 | 10,3 | 7,6 | 6,7 | 9,1 | 3,9 |
| Grunnsk. Fáskrúðsfj. | 74 | 14 | 6,3 | 5,3 | 11,7 | 3,6 |
| Grunnsk. austan vatna, Skagafj. | 73 | 14 | 8,6 | 5,2 | 8,5 | 3,2 |
| Heiðarskóli | 81 | 15,3 | 10 | 5,3 | 8,1 | 3,2 |
| Meðaltal | 75,6 | 11,3 | 6,1 | 7,0 | 14,5 | 4,5 |

Svo tekinn sé sérstaklega út samanburður við Þelamerkurskóla í Hörgársveit sem var með nær sama nemendafjölda árið 2013 þá voru stg. kennara 11,2 og stg. almennra starfsmanna 7,1 eða samtals 18,3 stg. á móti samtals 25,3 stg. hjá Heiðarskóla. Í Þelamerkurskóla eru sem dæmi einungis tveir skólaliðar. Þar var m.a. sú leið farin eftir bankahrunið haustið 2008 að hætta allri greiðslu á yfirvinnu til kennara sem þeir samþykktu að afsala sér. Þá var kennslumagn og fyrirkomulag endurskoðað til að ná fram sparnaði.

Í töflu 15 má sjá að brúttóútgjöld Heiðarskóla voru 2.867 þ.kr. á hvern nemenda árið 2013 sé reiknað með innri leigu en 1.973 kr. sé reiknað án innri leigu. Í raun ætti kostnaðurinn að vera meiri með vísan til þess að kostnaður vegna mótuneytis er ekki meðtalinn svo og hlutdeild í sameiginlegum kostnaði.

Tafla 15: Beinn rekstrarkostnaður (brúttó) grunnskóla sveitarfélaga á hvern nemenda 2013. Með og án innri leigu í þ.kr.

| | fjöldi nem | með innri leigu | án innri leigu |
|-------------------------|------------|-----------------|----------------|
| Tálknafjarðarhreppur | 51 | 1.484 | 1.141 |
| Skagaströnd | 96 | 1.325 | 1.195 |
| Grundarfjörður | 95 | 1.805 | 1.422 |
| Djúpavogshreppur | 59 | 1.581 | 1.472 |
| Vopnafjarðarhreppur | 96 | 1.619 | 1.500 |
| Dalabyggð | 83 | 1.719 | 1.519 |
| Seyðisfjörður | 63 | 1.770 | 1.544 |
| Strandabyggð | 74 | 1.735 | 1.610 |
| Grýtubakkahreppur | 54 | 1.973 | 1.652 |
| Langesbyggð | 87 | 1.949 | 1.659 |
| Hörgársveit | 80 | 2.180 | 1.856 |
| Flóahreppur | 91 | 2.218 | 1.885 |
| Hvalfjarðarsveit | 81 | 2.867 | 1.973 |
| Mýrdalshreppur | 51 | 2.388 | 2.059 |
| Húnavatnshreppur | 58 | 2.332 | 2.203 |
| Meðaltal | | 1.930 | 2.469 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Hvað varðar kostnaðarsamanburð við leikskóla í öðrum sveitarfélögum stendur Hvalfjarðarsveit mun betur að vígi en í samanburði grunnskóla með vísan í töflu 16. Sá fyrirvari þó hafður á að hlutdeild Skýjaborgar í sameiginlegum kostnaði skólanna er ekki tekinn með.

Tafla 16: Beinn rekstrarkostnaður (brúttó) leikskóla sveitarfélaga á hvert heildagsígildi 2013. Með og án innri leigu í þ.kr.

| | fj.heildagsíg | með innri leigu | án innri leigu |
|-------------------------|---------------|-----------------|----------------|
| Tálknafjarðarhreppur | 18 | 1.071 | 903 |
| Dalabyggð | 35 | 1.532 | 1.302 |
| Djúpavogshreppur | 38 | 1.676 | 1.446 |
| Langesbyggð | 30 | 1.582 | 1.517 |
| Hvalfjarðarsveit | 39 | 1.864 | 1.594 |
| Skagaströnd | 29 | 1.747 | 1.630 |
| Húnaþing vestra | 39 | 1.913 | 1.667 |
| Flóahreppur | 43 | 1.940 | 1.832 |
| Vopnafjarðarhreppur | 26 | 2.317 | 2.200 |
| Strandabyggð | 24 | 2.376 | 2.337 |
| Meðaltal | | 1.802 | 1.643 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

5. Hefur sameiningin skilað sér?

Sameining skipulagseininga gefur að öllu jöfnu tækifæri til að hagræða og auka skilvirkni en það þarf líka að huga að takmörkunum vegna aðstæðna og mismunandi menningar á vinnustöðum. Í lögum um leikskóla og grunnskóla, sem tóku gildi 1. júlí 2008, er kveðið á um heimild sveitarfélaga til að reka saman grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla undir stjórn eins skólastjóra. Eitt af markmiðum þessarar heimildar er að opna fyrir fjölbreytni, sveigjanleika og þróun í skólastarfi í þágu barna. Í leiðbeiningum Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 2009 segir eftirfarandi:

„Ávinningur af samrekstri skóla getur m.a. verið:

- samræmd fagleg uppbygging
- aukin skilvirkni í stjórnun
- hagræðing í rekstri“

Eftir því sem næst verður komist voru ekki sett skýr markmið við sameiningu Heiðarskóla og Skýjaborgar. Það er því ekki auðvelt að bera núverandi niðurstöðu saman við þær væntingar sem menn höfðu í upphafi. Til að meta hverju sameiningin hefur skilað er rétt að hafa í huga þá þætti sem nefndir eru hér að framan sem líklegur ávinningur:

Hagræðing í rekstri

Í þeim tilvikum þar sem leikskóli og grunnskóli hafa verið sameinaðir undir sama þaki hefur orðið töluverð hagræðing í rekstri. Þessu er ekki til að dreifa í Hvalfjarðarsveit þar sem um 5 km eru á milli skólanna. Mötuneyti skólanna eru rekin aðskilin og ekki um sameiginleg innkaup að ræða. Sameiginleg innkaup eru gerð að mestu leyti fyrir báðar einingar hvað varðar aðrar rekstrarvörur og þjónustu eins og tölvu- og netþjónustu. Ræsting er ekki sameiginleg. Símsvörun er heldur ekki sameiginleg. Húsvörðurinn er reyndar fyrir báðar einingarnar en gegnir litlu hlutverki í leikskólanum. Í heildina séð virðist sameiningin ekki hafa leitt til betri nýtingar á mannauðnum og þar með gefið möguleika á fækkun stöðugilda. Ef lítið er til þess að leikskólanum er ætlað að bera 40% af sameiginlegum rekstri skólanna þ.e. 8.773 þ.kr. af 21.932 þ.kr. árið 2014 þá er sameiningin verulega íþyngjandi fyrir rekstur leikskólans en léttir hins vegar á rekstri grunnskólans sem hvort eð er myndi þurfa að hafa skólastjóra í fullu starfi.

Stjórnun

Skólastjórinn er með viðveru tvo daga í viku í leikskólanum. Hans hlutverk er einkum að halda utan um fjárhagsáætlun og rekstur leikskólans svo og starfsmannahald. Hann skal jafnframt vera sviðsstjóra til stuðnings er varðar faglegt starf en hefur í reynd lítið komið að því. Ekki verður séð með beinum hætti að ábyrgð og starf sviðsstjórans hafi minnkað við þetta fyrirkomulag í samanburði við ábyrgð og hlutverk leikskólastjóra eins og það er skilgreint. Þó skal tekið fram að sviðsstjórinn er í 81% starfshlutfalli sem myndi huganlega ekki nægja ef viðkomandi gegndi starfi leikskólastjóra með öllum þeim skyldum sem því starfi fylgja. Þá má nefna að í fyrirkomulagi sem þessu, á ekki við Hvalfjarðarsveit, er alltaf möguleiki á því að ágreiningur komi upp á milli stjórnenda. Sérstaklega ef starfslýsing þeirra og valdsvið er ekki nægilega skýrt.

Faglegir þættir

Ef skólarnir hefðu verið í sama húsnæði hefðu tækifæri til aukins faglegs samstarfs orðið mun meiri en raun ber vitni, einkum vegna þess að samgangur starfsfólks hefði orðið miklu meiri en nú er. Við þessar aðstæður í Hvalfjarðarsveit er það því mikið undir skólastjóra komið hvernig til tekst í faglegu samstarfi. Samstarfið virðist hafa farið rólega af stað en aukist í seinni tíð. Þannig hafa skólaeiningarnar unnið töluvert saman í uppbyggingu sameiginlegrar námskrár. Eins er töluvert samstarf vegna sérkennslunnar. Elsti árgangurinn í leikskólanum hefur fengið að fara í verkefni með 1. bekk í Heiðarskóla og farið með þeim í vorferð. Þá hafa elstu nemendurnir í Heiðarskóla komið til að kynna sér starfið á leikskólanum. Fagleg umræða og samstarf milli starfsfólks hefur sem sagt verið að aukast. Slíkt hefði þó auðveldlega getað átt sér stað án sameiningar skólanna. Til að ná fram mikilli breytingu í þessum efnunum hefði þurft eins og áður sagði að sameina skólana í sama húsnæði.

Samantekið

Það er mat skýrsluhöfundar að sameining leikskólans og grunnskólans hafi ekki skilað aukinni hagkvæmi og skilvirkni svo neinu nemi, hvorki rekstrarlega eða faglega séð. Það eru hins vegar tækifæri til að gera betur í þeim efnunum með því að auka enn frekar faglegt samstarf, samþætta frekar störf og endurskipuleggja reksturinn svo sem rekstur mötuneytis og innkaup. Þá er vert að kanna möguleika á því að elsti árgangur leikskólans verði í Heiðarskóla þ.e. undir svipuðu fyrirkomulagi og Ísaksskóli. Þannig myndi húsnæði Heiðarskóla nýtast betur og að sama skapi verða rýmra um börn og starfsfólk í leikskólanum. Slík staða gæti komið upp ef snögglega fjölgar börnum á leikskólanum í kjölfar áformaðrar uppbyggingu nýrrar verksmiðju í sveitarfélaginu.

6. Niðurstöður og tillögur

Ljóst er að í samanburði við grunnskóla í sambærilegum sveitarfélögum að stærð er rekstur Heiðarskóla dýr. Aðalnámskrá í grunnskóla býður upp á töluverðan sveigjanleika í útfærslu. Sveitarfélög hafa því nokkuð meira frjálsræði um skipulag starfsemi grunnskólans en áður fyrr. Heiðarskóli hefur notið þessa og nýtt að því virðist þá möguleika sem gefist hafa til nýtingar á skiptímum og fyrirkomulagi á valgreinum til hins ítrasta. Fyrir liggur að kostnaður við valgreinar og skiptitíma er meiri en við grunnskylduna. Þá hefur skólinn boðið yngri bekkjunum upp á viðbótarkennslu og þannig aukið þjónustuna við nemendur. Fyrirkomulag sem þetta heldur uppi fleiri stöðugildum en ella og eykur þar með rekstrarkostnaðinn. Hins vegar ber á það að líta að sveitarfélagið býður ekki upp á frístundaheimili (áður nefnt skóladagheimili) þannig að færa má rök fyrir því að viðbótarkennslan komi að einhverju leyti þess í stað.

Það er í valdi sveitarstjórnar að ákveða hvaða þjónusta er í boði hverju sinni. Mikilvægt er að sveitarstjórnin hafi skýr markmið er varðar veitingu þjónustu og fái upplýsingar um hverju hún er að skila fyrir samfélagið. Mikilvægt er að beiðni um aukið námsframboð fylgi greinargóð kostnaðaráætlun ásamt greinargerð um líklegan ávinning. Krafa um sérkennslu og ýmis konar þjónustu við börn sem hafa frávíksgreiningu hefur aukist víðast hvar undanfarin ár. Þannig var 31 nemandi með greind frávík skólaárið 2014-2015 í Heiðarskóla. Sveitarfélagið þarf að hafa stefnu í því hversu langt hægt sé að ganga í þessum efnum.

Tillögur: Leikskólinn

Tillaga 1: Leikskólagjald

Lagt er til að leikskólagjaldið verði hækkað um 50% frá því sem nú er.

Útfærslan gæti verið á þann veg að gjaldfæra fyrir allar þær stundir sem barn dvelur á leikskóla. Þrátt fyrir slíka hækkun myndi Hvalfjarðarsveit samt sem áður vera að innheimta lægra gjalda fyrir þessa þjónustu en flest önnur sveitarfélög.

Tillaga 2: Inntaka barna á leikskólann

Lagt er til að inntaka barna á leikskólann verði miðuð við 18 mánaða aldur

Hvalfjarðarsveit hefur gert vel við barnafólk hvað varðar þjónustu leikskóla en það kostar fjármuni. Með því að halda sig við 18 mánaða aldur barna við inntöku í skólann væri hægt að spara a.m.k. eitt stöðugildi. Auk þess myndi rými fyrir börnin í skólanum aukast.

Tillögur: Grunnskólinn

Tillaga 3: Skiptitímar og valgreinar

Lagt er til að notkun á skiptitímum og framboð á valgreinum verði endurskoðað

Heiðarskóli hefur nýtt skiptitíma til hins ítrasta og boðið upp á valgreinar sem eru í dýrari kantinum (verklegar sem kalla á búnað og tæki). Skiptitímar eru til þess fallnir að auka gæði kennslu en ekki er alltaf þörf á slíku með hagsmuni nemenda í huga. Kennarar hafa aðferðir til að aðlaga kennslu stærri hópum. Takmarka má framboð á valgreinum.

Tillaga 4: Viðbótarkennsla

Lagt er til að innihald og fyrirkomulag viðbótarkennslu verði endurskoðað

Í Heiðarskóla sjá kennarar svo til alfarið um svokallaða viðbótarkennslu. Ekki er nauðsynlegt að mati skýrsluhöfundar að kennarar sjái um þessa kennslu og gæslu nema að hluta. Í mörgum skólum sjá skólaliðar um gæslu sem getur falist í umsjón með íþróttum og aðstoð í námi. Rétt að skoða í hverju þessi viðbótarkennsla sé fólgin og hverju hún sé að skila. Eins hvort hún sé of sértæk t.d. þegar boðið er upp á kennslu í rússnesku og spænsku.

Tillaga 5: Fyrirkomulag sérkennslu

Lagt er til að fyrirkomulag sérkennslu verði endurskoðað með það að markmiði að almennir kennarar sjái um sérkennsluna í auknum mæli.

Undanfarin ár hafa grunnskólar í auknum mæli falið almennum kennurum að aðstoða börn með sérþarfir og hefur það gefist vel.

Tillaga 6: Könnun á árangri

Lagt er til að gerð verði könnun á því hvaða árangri núverandi kennslufyrirkomulag hefur skilað.

Hefur viðbótarkennslan og fyrirkomulag varðandi skiptitíma og valgreina skilað sér í aukinni hæfni nemenda? Hversu stórt hlutfall nemenda hefur sem dæmi farið í framhaldskólanám og lokið því? Samræmd könnunarpróf eru lögð fyrir 4., 7. og 10. bekk grunnskóla. Í niðurstöðum Námsmatsstofnunar fyrir árið 2014 (Sveinbjörn Gestsson og Sigurgrímur Skúlason) er meðaltali alls landsins stillt á 30 stig. Í íslensku og stærðfræði í 4. bekk var árangur Heiðarskóla mjög góður eða 34,1 og 30,9. Í 7. bekk fengu nemendur Heiðarskóla 30,4 í íslensku en einungis 22,8 í stærðfræði. Í 10. bekk fengu nemendur

Heiðarskóla 26,0 í íslensku, 31,4 í stærðfræði og 28,9 í ensku að meðaltali. Þó svo erfitt sé að meta niðurstöður sem þessar þá eru þessar tölur allavega ekki vísbending um að Heiðarskóli sé að ná betri árangri en aðrir grunnskólar.

Tillaga 7: Rekstur mötuneytis

Lagt er til að könnuð verði hagkvæmni þess að sameina rekstur mötuneytanna í Heiðarskóla og Skýjaborg.

Í Heiðarskóla er til staðar mötuneyti sem býr við góðar aðstæður en í Skýjaborg býr mötuneytið við þröngan kost hvað varðar rými og búnað. Mötuneytið í Heiðarskóla getur auðveldlega þjónustað báða skólana. Með því móti næðist jafnframt hagræðing í innkaupum. Maturinn yrði keyrður á milli. Í Skýjaborg þyrfti að vera móttökueldhús. Hugsá má sér nokkrar útfærslur í þessu efni t.d. að morgunverður yrði áfram útbúinn í Skýjaborg svo og ávaxtastund og síðdegishressing. Starfstími skólanna er vissulega ekki alveg sá sami en á ekki að hamla rekstri mötuneytis allt árið.

Tillaga 8: Ræsting

Lagt er til að ræstingin verði mæld upp í Heiðarskóla og kannaðir möguleikar á að bjóða hana út.

Fyrirkomulag ræstingar/þrifa í Heiðarskóla hefur tekið sífelldum breytingum undanfarin ár. Nýtt fyrirkomulag var tekið upp síðastliðið haust sem að sögn skólastjóra hefur gefist vel. Engu að síður koma of margir starfsmenn að þessu verkefni að mati skýrsluhöfundar. Skólaliðar hafa gripið í þessi störf ásamt öðrum verkefnum. Ræstingin hefur aldrei verið mæld upp í Heiðarskóla og því full ástæða til þess að gera það nú til að finna út raunverulegan kostnað og kanna í framhaldi möguleika á að bjóða hana út.

Tillaga 9: Skólaliðar

Lagt er til að störf skólaliða verði endurskipulögð með það í huga að fækka um 1-2 stöðugildi.

Í samanburði við aðra grunnskóla er fjöldi almennra starfsmanna í Heiðarskóla hlutfallslega mikill. Með breyttu skipulagi ætti að vera hægt að fækka um stöðugildi. Að sögn skólastjóra er búið að hringla töluvert með verklýsingar almennra starfsmanna í Heiðarskóla undanfarin ár. Skýrsluhöfundur telur mikilvægt að þessi störf séu sem best skilgreind og athugandi að afmarka þau enn frekar.

Tillaga 10: Yfirvinna

Lagt er til að hætt verði alfarið að greiða fyrir yfirvinnu kennara og almennra starfsmanna.

Nýtt vinnumat kennara býður upp á möguleika til að þeir ljúki sínum verkefnum innan viðverutíma í skólanum, sem almennt er kl. 08:00 – 16:00. Reyndar er þegar hafin vinna innan Heiðarskóla í þá veru að innleiða nýtt fyrirkomulag þar sem gert er ráð fyrir að greiðslu yfirvinnu vegna ýmis konar umsjónar og tilfallandi verkefna verði hætt. Fylgja þarf því eftir til að sá árangur náist sem lagt er upp með hvað varðar niðurskurð á yfirvinnu. Stefna ber að því að einungis verði greidd yfirvinna við sérstakar aðstæður s.s. vegna forfallakennslu sem jafnframt þarf að leita leiða til að lágmarka.

Tillaga 11: Fyrirkomulag á innkaupum

Lagt er til að fyrirkomulag á innkaupum á rekstrarvörum verði komið í fastar skorður.

Mikilvægt er að það sé á hreinu hver hafi heimild til fjárhagslegra skuldbindinga varðandi rekstur skólans. Skólastjóri samþykki beiðnir um innkaup og ákveði fyrirkomulag á innkaupum. Svo virðist að húsvörður, sem séð hefur að mestu um útréttingar fyrir skólann, hafi ekki gætt nægilega að því að sameina erindi með vísan til þess hversu háar akstursgreiðslur til hans hafa verið.

Tillaga 12: Opnunartími sundlaugar

Lagt er til að dregið verði úr opnunartíma sundlaugarinnar eða að öðrum kosti gera átak til að kynna þessa þjónustu.

Opnunartími sundlaugarinnar við Heiðarskóla er langur sé miðað við aðsókn í laugina sem er lítil. Tilraun til að hafa laugina opna allan júní mánuð í fyrra gafst ekki vel, einungis voru 65 heimsóknir allan mánuðinn. Ljóst að samkeppnisaðstaða laugarinnar við sundlaugina á Akranesi og sundlaugina á Hlöðum yfir sumartímamann er ekki sterk. Laugin er lítil og ekki boðið upp á rennubrautir sem börn sækjast í. Í ljósi þessa er skynsamlegt að draga úr opnunartíma laugarinnar til að draga úr rekstrarkostnaði. Hinn möguleikinn er að setja aukinn kraft í að kynna þjónustuna sem er í boði.

Tillaga 13: Breyting á bókfærslu sameiginlegs kostnaðar

Lagt er til að bókhaldslykill 04020 verði leystur upp og kostnaðurinn færður á leikskólann og grunnskólann samkvæmt kostnaðarhlutdeild.

Í bókhaldi Hvalfjarðarsveitar er haldið sérstaklega utan um sameiginlegan rekstur leik- og grunnskólans. Það gerir það að verkum að skekkja er í samanburðarútreikningum Sambands íslenskra sveitarfélaga sem hafa ekki tekið þennan sameiginlega kostnað með í útreikningum sínum varðandi rekstur grunnskóla annars vegar og rekstur leikskóla hins vegar.